















Jólasveinallestur



Lesum til að njóta





Jólasveinallestur

Kæri þátttakandi í jólasveinallestinum!

Það er mjög notalegt að kúra með bók í skammdeginu og með þátttöku þinni í jólasveinallestinum færðu einmitt tækifæri til þess. Í ár er lögð áhersla á að keppast ekki við að lesa sem flestar blaðsíður heldur að njóta lestrarins. Kertasníkir ætla að hjálpa til en hann stingur upp á 26 hugmyndum sem þú getur nýtt þér til að gera jólasveinallesturinn skemmtilegan. Hakaðu við hugmynd sem þú framkvæmir og límdu inn einn jólasvein fyrir hvern dag sem þú lest.

Til aðstandenda. Ekkert er því til fyrirstöðu að öll fjölskyldan taki þátt í jólasveinallestinum en gott lestrarupphætti er eitt besta veganestið út í lífið!

26 hugmyndir Kertasníkis



- ♡ Lestu upphátt fyrir einhvern sem er eldri en þú.
- ♡ Lestu upphátt fyrir einhvern sem er yngri en þú.
- ♡ Fáðu þér heitt kakó og lestu.
- ♡ Lestu í náttfötunum.
- ♡ Lestu áður en þú ferð að sofa.
- ♡ Lestu með jólatónlist í bakgrunni.
- ♡ Lestu við kertaljós eða vasaljós en farðu varlega.
- ♡ Sittu úti í glugga og lestu.
- ♡ Lestu með vettlinga á höndum og trefil um hálsinn.
- ♡ Lestu fyrir framan jólatré.
- ♡ Lestu fyrir einhvern á Facetime eða Messenger.
- ♡ Lestu undir beru lofti.
- ♡ Lestu með jólasveinahúfu.
- ♡ Lestu í fótabaði.
- ♡ Lestu fræðibók og lærðu tvær nýjar staðreyndir.
- ♡ Lestu bók um dýr sem búa á norðurslóðum.
- ♡ Lestu á bókasafni.
- ♡ Lestu eitthvað sem einhver annar velur fyrir þig.
- ♡ Lestu bók sem kom út þessi jól.
- ♡ Lestu fyrir gæludýrið þitt.
- ♡ Lestu með skíðagleraugu eða sundgleraugu.
- ♡ Taktu upp lestur og gefðu upptökuna í jólagjöf.
- ♡ Lestu jólaljóð.
- ♡ Lestu í ullarsokkum.
- ♡ Lestu á meðan þú borðar nokkrar smákökur.
- ♡ Lestu á jóladag.